

MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

HÖNNUNARSAMKEPPNI
DÓMNEFNDARÁLIT

OKTÓBER 2012
ÚTBOÐ NR. 15243

Verkkaupar:

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg

Umsjónaraðili:

Framkvæmdasýsla ríkisins

Samstarfsaðili:

Arkitektafélag Íslands



Reykjavíkurborg



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

INNGANGUR

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg gerðu með sér samning árið 2003 um stækkun og endurbætur á framhaldsskólum í Reykjavík. Samningurinn var framlengdur árin 2007 og 2010 og nær nú til ársins 2014. Í ár er röðin komin að Menntaskólanum við Sund. Reisa skal um 2700 fermetra viðbyggingu til að leysa úr húsnæðisvanda sem skólinn hefur búið við lengi. Verðlaunasamkeppni um hönnun hússins var hleypt af stökkunum í vor.

Auglýst var eftir tillögum að hönnun húsnæðis fyrir fjölbreytt og metnaðarfullt skólastarf MS. Samkeppnin skilaði 19 áhugaverðum tillögum um viðbyggingu og nýtt heildarskipulag á húsnæði skólans.

Dómnefnd hefur yfirfarið og metið allar tillögurnar af kostgæfni. Niðurstöður hennar gefur að líta í þessari samantekt. Þar má sjá kynningu á öllum tillögunum og verður af þeim ráðið að nefndinni var vandi á höndum við að velja þar á milli.

Verkefni MS er að skapa ungmennum skilyrði til góðrar menntunar. Menntunar sem nýtist þeim til starfa, frekara náms, lífs og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er trú dómnefndar að með nýrri byggingu verði byltingarkennd breyting til hins betra á aðstöðu skólans til að sinna því verkefni.

Dómnefnd þakkar öllum hönnuðum sem sendu inn tillögur í verðlaunasamkeppnina svo og þeim sem aðstoðuðu hana í störfum hennar. Nefndin óskar Menntaskólanum við Sund til hamingju með þann áfanga sem nú hefur náðst í að byggja til framtíðar.

DÓMNEFND

Dómnefndarfulltrúar tilnefndir af verkkaupa:

Þórir Ólafsson, formaður dómnefndar, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu
Dagný Helgadóttir, arkitekt FAÍ, verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg
Bráinn Sigurðsson, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Dómnefndarfulltrúar tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands:

Hörður Harðarson, arkitekt FAÍ
Sigríður Ólafsdóttir, arkitekt FAÍ

Ritari dómnefndar og verkefnisstjóri:

Gíslína Guðmundsdóttir, arkitekt FAÍ, verkefnastjóri hjá Framkvæmdasýslu ríkisins

Trúnaðar- og umsjónarmaður dómnefndar:

Gísli Þór Gíslason, verkefnastjóri hjá Ríkiskaupum
Haraldur Helgason, arkitekt FAÍ, var honum til ráðgjafar

Ráðgjafar dómnefndar:

Lilja Grétarsdóttir, arkitekt FAÍ, skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar
Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund
Nikulás Úlfar Másson, arkitekt FAÍ, forstöðumaður Húsafríðunarnefndar ríkisins
Sigurður Norðdahl, verkfræðingur, verkefnastjóri hjá Framkvæmdasýslu ríkisins

DÓMSTÖRF OG NIÐURSTAÐA DÓMNEFNDAR

Samkeppnin var hönnunarsamkeppni, opin öllum sem uppfylltu skilyrði samkeppnislýsingar. Hún var auglýst í blöðum hérlendis, á vef Ríkiskaupa og á EES-svæðinu s.l. vor. Skilafrestur var 12. september 2012. Níftján tillögur bárust og voru þær allar metnar.

Formlegir fundir dómnefndar voru fjórtán.

Dómnefnd leitaði einkum eftir snjöllum hugmyndum með það að meginmarkmiði að finna tillögu sem leysir viðfangsefnið á heildstæðan hátt með vandaðri og góðri byggingarlist. Mikil áhersla var lögð á samspil við núverandi byggingar á lóðinni og auk tilnefndra ráðgjafa var því leitað til forstöðumanns Húsafríðunarnefndar ríkisins.

Ákveðið var að veita þremur tillögum verðlaun, einni tillögu viðurkenningu með innkaupum og tveimur tillögum viðurkenningu sem athyglisverðar tillögur. Allar þessar tillögur svara væntingum sem lýst er í keppnislýsingu. Tillaga nr. 10 býr þó yfir sérstöðu og er dómnefnd einróma sammála um að veita henni 1. verðlaun og mælir með henni til frekari útfærslu.

Dómnefnd er einhuga um eftirfarandi niðurstöðu:

Vinningstillögur:

1. verðlaun, kr. 4.000.000, tillaga nr. 10, auðkenni 55832
2. verðlaun, kr. 2.500.000, tillaga nr. 12, auðkenni 57518
3. verðlaun, kr. 1.500.000, tillaga nr. 8, auðkenni 50312


Innkeypt tillaga:

Innkaup, kr. 500.000, tillaga nr. 16, auðkenni 12907

Athyglisverðar tillögur:

Tillaga nr. 3, auðkenni 12181
Tillaga nr. 7, auðkenni 70709

Reykjavík 16. október 2012



Þórir Ólafsson, sérfræðingur mrm, formaður dómnefndar



Dagný Helgadóttir, arkitekt FAÍ, verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg



Þráinn Sigurðsson, sérfræðingur mrm



Hörður Harðarson, arkitekt FAÍ



Sigríður Ólafsdóttir, arkitekt FAÍ

ÁHERSLUR DÓMNEFNDAR

1. kafla keppnislýsingar var áherslum dómnefndar lýst með eftirfarandi hætti:

Dómnefnd metur tillögur sem berast í samkeppnina með hliðsjón af fyrirliggjandi samkeppnislýsingu og gögnum sem þar er vísað til. Hún leggur áherslu á að tillögur höfunda uppfylli markmið samkeppninnar.

Dómnefnd leggur höfuðáherslu á eftirfarandi atriði við mat sitt á úrlausnum keppenda:

- Heildarlaun húsnæðisins skili vandaðri og góðri byggingarlist, þ.m.t. form, efnisval og heildaryfirbragð, sem hæfi starfseminni.
- Samspil eldra húss og viðbyggingar, bæði hvað varðar fyrirkomulag og yfirbragð.
- Snjallar lausnir með vel ígrunduðum innbyrðis tengslum, m.a. milli hæða, athyglisverðum rýmum í samræmi við markmið skólans um kennsluhætti, ásamt markvissri dagsbirtunotkun.
- Hagkvæma byggingu sem uppfylli kröfur forsagnar um stærðir rýma og innra fyrirkomulag.
- Lausnir og efnisval sé ákjósanlegt með tilliti til endingar, rekstrarkostnaðar, umhverfis- og vistfræðipátta.
- Sveigjanleika.
- Umferðar-, aðgengis- og öryggismál.
- Fyrirkomulag á lóð og aðlögun að umhverfinu.

Dómnefnd mun í niðurstöðum sínum, sem gefnar verða út, fjalla sérstaklega um hverja tillögu fyrir sig og gefa henni umsógn.

LISTI YFIR TILLÖGUR

Vinnunúmer dómnefndar, auðkennisnúmer tillögu, verðlaun og viðurkenningar:


TILLÖGUR			
Tillaga	1	54070	
Tillaga	2	00100	
Tillaga	3	12181	Athyglisverð tillaga
Tillaga	4	01070	
Tillaga	5	12010	
Tillaga	6	19514	
Tillaga	7	70709	Athyglisverð tillaga
Tillaga	8	50312	3. verðlaun
Tillaga	9	14764	
Tillaga	10	55832	1. verðlaun
Tillaga	11	25585	
Tillaga	12	57518	2. verðlaun
Tillaga	13	93933	
Tillaga	14	34251	
Tillaga	15	92227	
Tillaga	16	12907	Innkaup
Tillaga	17	00049	
Tillaga	18	33795	
Tillaga	19	75424	

SAMKEPPNISTILLÖGUR - UMSAGNIR DÓMNEFNDAR

1. VERÐLAUN

Tillaga númer 10 - auðkenni 55832





AFSTÖÐUMYND

Höfundar:
**SKIPULAGS-, ARKITEKTA-
 OG VERKFRÆÐISTOFAN EHF**
 Gestur Ólafsson, arkitekt
 og skipulagsfræðingur
 Akos Doboczy, arkitekt
 Zoltán V. Horváth, arkitekt

Ráðgjöf:
VIST OG VERA EHF:
 Kristín Þorleifsdóttir, Ph.D.

VERKFRÆÐISTOFA ERLENDS BIRGISSONAR EHF:
 Erlendur Birgisson

VSI-ÖRYGGISHÖNNUN OG RÁÐGJÖF EHF:
 Gunnar Kristjánsson

Hrífandi og hnitmiðuð tillaga sem vinnur einstaklega vel með áherslur skólans svo úr verður heildstæð og spennandi skólabygging. Höfundar hafa náð því markmiði að hanna byggingu sem fellur vel að framsæknu skólastarfi, samhliða því að gera hana að góðum granna í hverfinu.

Viðbyggingin er í grunninn byggð á einföldum, uppbrotnum formum þannig að hún samræmist „skala“ núverandi skólabyggingar. Virðing er borin fyrir því sem fyrir er og sem dæmi er þetta er sú tillaga sem breytir hvað minnst útliti núverandi stjórnunarálmu. Gott samspil er á milli núverandi bygginga og viðbyggingar og skírskotar hún að hluta til núverandi húsa bæði í formum og efnisvali. Viðbyggingin hefur þó sín sérkenni m.a. sólskerma úr lerkivið og frjálstlega formað bókasafn. Efnisval er mjög fallegt og mynda hvítir steypfir fletir ásamt lerkí og grasþökum aðlaðandi umgjörð. Notkun viðar á svölum, í aðalanddyri sem og utanhúss, gefur húsinu hlýlegt yfirbragð. Við nánari útfærslu á lerkihjúp þarf að huga vel að sýn út úr íverurýmum.

Grunnmyndir viðbyggingarinnar eru einfaldar, skýrar og vandvirknislega unnar. Miðlægur salur og breiður gangur í núverandi stjórnunarálmu tengja viðbyggingu við eldri byggingar. Staðsetning steinasafns skólans í mjóum innigarði, á milli salar og gangs, er mjög frumleg lausn sem gerir áherslu skólans á náttúruvísindi hátt undir höfði.

Nýtt og reisulegt aðalanddyri tengir vel saman allar hæðir nýbyggingar og verður til þess að aðalinngangur verður áberandi kennileiti sem býður menn velkomna í skólann. Þaðan eru góð sjónræn tengsl á milli hæða sem gefa rýminu aukíð vægi. Inn af aðalanddyri er skáli sem tengist fjölnotasal og bókasafni. Galli er þó hversu lokaður salurinn er frá skálanum og nauðsynlegt að opna þar betur á milli. Auk þess er skálinn fullstór og æskilegt að nýta það svæði betur.



Óreglulegt form bókasafnsins myndar áhugavert mótvægi við annars beinar línur skólahússins. Höfundar sækja form þess í nafn safnsins „viskusteinn“ og er því ætlað að undirstrika mikilvægi bóka- og upplýsingamiðstöðvar skólans. Staðsetning safnsins er ágæt fyrir kennslustofur nýbyggingar en nokkuð afskekkt fyrir stofur í eldri byggingum. Kostur væri ef safnið yrði dregið betur inn í skálann sem þá um leið minnkar og þar með vægi þessa hliðarinngangs. Við slíka hliðrun minnkar einnig útsvæðið framán við skálann en stærð þess og staðsetning, undir útkragandi efri hæðum, virkar ósannfærandi.

Kennslurými eru sérstaklega vel skipulögð. Þó þarf að opna hópinnurými meira en grunnmyndir sýna. Þá má einnig draga í efa staðsetningu stakrar kennslustofu og vinnuherbergis kennara við hlið aðalinngangs. Á það skal bent að dyr að kennslustofum eiga að opnast út. Þá væri það kostur ef tenging við Þrístein á 1. og 2. hæð yrði rýmkuð. Flæði um byggingarnar er mjög gott og höfundar hafa leyst vel mismunandi hæðarkóta á milli bygginga.

Byggingin virðist fara örlítið út fyrir byggingarreit í grunnplani til suðvesturs og innkeyrslu á lóð er breytt frá gildandi deiliskipulagi.

Lóð skólans er falleg og frumlega skipulögð. Hún kemur til með að þjóna jafnt nemendum sem íbúum hverfisins. Útfærsla á mögulegum bílakjallara er vel leyst.

Framsetning tillögunnar er falleg, einföld og skýr, en útlit og snið eru þó helst til dökk.




NORDAUSTURHLID SKURÐUR B-B




NORÐVESTURHLID



GRUNNMYND 1. HÆÐ



GRUNNMYND 2. HÆÐ



GRUNNMYND 3. HÆÐ


2. VERÐLAUN

Tillaga númer 12 - auðkenni 57518





AFSTÖÐUMYND

**Höfundar:****a2f arkitektar**

Aðalheiður Atladóttir, arkitekt FAÍ

Falk Krüger, arkitekt AKT

Birkir Einarsson, landslagsarkitekt FÍLA

Aðstoð:

Bjarni Þorsteinsson, arkitekt

Falleg og vel unnin tillaga. Höfundum tekst vel að ná því markmiði sínu að skapa nýbyggingu sem endurspeglar samtímann, en virðir núverandi byggingar. Byggingin er í senn nútímaleg í útliti, stílhrein og högvær og samræmist vel núverandi byggingum á lóð skólans. Sérstaklega má nefna að þakskegg í viðbyggingu skírskota vel til eldri húsa þó svo að þök í miðbyggingu virki nokkuð flókin.


Styrkur tillögunnar felst í sérstaklega góðu skipulagi kennsluálmur þar sem op á milli hæða og samspil rýma leiða af sér einstaklega áhugavert útlit með fallegu efnisvali.

Virðing er borin fyrir eldri húsum sértaklega aðkomuhlið, þar sem aðalinnangangur myndar bil á milli núverandi stjórnunarálmur og viðbyggingar. Bogadreginn miðlægur salur skapar spennandi mótvægi við annars kantadur byggingar. Hins vegar veldur lögun salar því að dimmt og þröngt útsvæði myndast milli salar og þrústeins. Auk þess verður tenging við þrústein óþjál og hann nokkuð afskekktur. Rými framan við sal ásamt tilheyrandi stoðrýmum salar virka ósannfærandi. Bókasafnið er vel staðsett fyrir miðju á 2. hæð en inngrip þess í núverandi stjórnunarálmur eru óljós.

Grunnmyndir kennslurýma eru einstaklega vel leystar og er það kostur að allar kennslustofur snúa í norðaustur. Gert er ráð fyrir áhugaverðum kennslusvæðum utandyra svo sem vísindagarði á 3. hæð.

Almennt er flæði í byggingum gott en þó má efast um að nýr stigi í eldri hluta sé til bóta og hallandi þak yfir honum orkar tvímælis. Hæð tengibyggingar fer upp fyrir uppgefna hæð deiliskipulags.


Lóðin er fallega unnin og aðlaðandi. Framsetning er mjög skýr og stílhrein.




GRUNNMYND 1. HÆD



GRUNNMYND 2. HÆD



GRUNNMYND 3. HÆD



ÁSÝND AUSTUR




ÁSÝND SUÐUR

3. VERÐLAUN

Tillaga númer 08 - auðkenni 50312





AFSTÖÐUMYND

**Höfundar:****ARKITEÓ**

Einar Ólafsson, arkitekt FAÍ
 Ásta Berit Malmquist, arkitekt

Landslagsráðgjöf:**SUÐAUSTANÁTTA EHF**

Emil Gunnar Guðmundsson,
 landslagsarkitekt FÍLA


Grípanði en jafnframt látlaus tillaga. Grunnhugmynd höfunda um skólann sem lífið bæjarfélag, sem hverfist um miðlægt „hjarta“, er mjög vel útfærð. Styrkur tillögunnar er samþjöppun miðlægra rýma og gegnsæi. Það veldur því hins vegar að hlutföll eru ekki í samræmi við eldri byggingar. Í útliti er skírskotun til eldri bygginga með gluggasetningum, en að öðru leyti tekur viðbyggingin ekki mikið tillit til eldri húsanna. Sérstaklega á það við núverandi stjórnunarálmu þar sem breytingar eru verulegar. Stálhjúpur sem umlykur nýbyggingu er spennandi og gefur henni leyndardómsfullan og ljóðrænan blæ, en efast má um útlit hans í þessu umhverfi.

Aðalinnkoma í húsið veitir góða yfirsýn, er aðlaðandi með björtum opnum rýmum og fallegum aðalstiga. Salur og bókasafn tengjast aðalinnkomu og mynda þannig sterka miðju. Innra skipulag er einfalt og einkennist af opnum vinnurýmum nemenda (torgum) og góðu flæði milli bygginga og stuttum vegalengdum. Bogadregin form greiða auk þess fyrir flæði um húsið þótt gangar séu sums staðar full þröngir. Að mörgu leyti þarfnast grunnmyndir frekari vinnslu. Höfundum hefur ekki tekist að leysa hæðarsetningar hússins, t.d. eru skábrautir of stuttar og salarhæð á 1. hæð kennsluálmur er of lítil.


Byggingin fer verulega út fyrir byggingarreit, bæði í grunnplani kennslubyggingar og hæð á fjölnotasal. Lóðin er frekar lífið unnin og efast má um útivistargildi miðjugarðs vegna skuggamyndunar.

Framsetning er falleg og skýr.






NORÐVESTURHLID




SNID A-A




SUÐURAUSTRHLID



SNID B-B



GRUNNMYND 2. HÆÐ



GRUNNMYND 1. HÆÐ

INNKAUP

Tillaga númer 16 - auðkenni 12907



Höfundar:

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
 GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR EHF
 Arnfríður Sigurðardóttir, arkitekt FAÍ
 Gylfi Guðjónsson, arkitekt FAÍ
 Magnús Freyr Gíslason, arkitekt FAÍ MAA

Almenn ráðgjöf og aðstoð:

Jóhann Einar Jónsson, arkitekt FAÍ

Verkfræðiráðgjöf:

VERKFRÆÐISTOFAN VÍÐSJÁ: Jón Logi Sigurbjörnsson

Landslagsráðgjöf:

LANDARK EHF: Pétur Jónsson, landslagsarkitekt FÍLA

Styrkur tillögunnar felst í mjög vel útfærðum grunnmyndum, sérstaklega grunnmynd 1. hæðar, sem uppfyllir vel meginhugmynd höfunda um flæðiás í gegnum skólann. Tenging miðlægs fjölnotasalar við útisvæði og þrústein með settröppum er einstaklega vel leyst og áhugaverð. Flæði um skólann er almennt gott, að undanskildum nokkrum þrengingum á 2. hæð. Víða er að finna spennandi rými með opnun milli hæða. Mikill sveigjanleiki er í grunnmyndum kennsluálima og þær eru vandvirknislega unnar.

Nýbyggingin einkennist af einföldum, sterkum formum og notkun bárujárns. Hvorugt kallast á við eldri byggingar skólans né umhverfið að öðru leyti. Tillagan líður fyrir líft áhugavert útlit nýbyggingar sem samræmist engan veginn gæðum grunnmynda.

Tillagan fer út fyrir hámarkshæð fjölnotasalar í deiliskipulagi. Skemmtilega er unnið með lóðina sérstaklega miðjugarðinn. Þar er aðgengi að þrústeini bætt verulega svo unnt verður að síkka glugga þar og tengjast þannig garðinum.


Framsetning er skýr.



SUÐVESTURHLID




SUÐAUSTURHLID




ÞUMYND

AFSTÖÐUMYND



GRUNNMYND 1. HÆÐ



GRUNNMYND 2. HÆÐ

ATHYGLISVERÐ TILLAGA

Tillaga númer 03 - auðkenni 12181



AFSTÖÐUMYND



GRUNNMYND 1. HÆÐ

Höfundar:
ALARK ARKITEKTAR EHF

Teymi:
Kristján Ásgeirsson, arkitekt FAÍ
Jakob E. Líndal, arkitekt FAÍ
Hans Orrí Kristjánsson, BA arch
Bjarni Einarsson, byggingafræðingur


Mjög áhugaverð og „dynamísk“ tillaga sem með uppbrotnum formum sínum kallast vel á við aðlæga byggð. Höfundar hafa náð markmiðum sínum um hringrás umhverfis miðlægan innigarð. Tillagan sýnir nokkuð sannfærandi heildarlausn fyrir allan skólann. Grunnmyndir eru almennt vel leystar, þó er flæði á jarðhæð verulega ábótavant og gönguleiðir virka flóknar. Kennsluvæðin eru mjög vel skipulögð og þá sérstaklega listgreinastofur sem gert er mjög hátt undir höfði. Rýmismyndun innahúss er spennandi m.a. með sjónrænum tengslum víða milli hæða. Salarhæð á jarðhæð í nýrri kennsluálfu að Gnoðarvogi er of lítil. Þrátt fyrir að mörgu leyti heillandi útlit er mikið útkrag, bæði að Gnoðarvogi og Skeiðarvogi, svo og útlit tengibyggingar milli Þrísteins og Lofsteins, ósannfærandi

Tillagan fer talsvert út fyrir byggingarreit og inngrip í Þrístein eru veruleg, sem veldur því að kennslustofur minnka. Efast má um útivistargildi innigarðsins vegna skuggavarps frá listgreinahúsi.


Einstaklega fallega unnin tillaga og framsetning er til fyrirmyndar.

ATHYGLISVERÐ TILLAGA

Tillaga númer 07 - auðkenni 70709



AFSTÖDUMYND



GRUNNMYND 1. HÆÐ

Höfundar:

HORNSTEINAR ARKITEKTAR

Andrés Narfi Andrésón, arkitekt FAÍ

Ólafur Hersisson, arkitekt FAÍ

Þórður Þorvaldsson, arkitekt FAÍ

Ögmundur Skarphéðinsson, arkitekt FAÍ

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir, landslagsarkitekt FÍLA

Sigríður Brynjólfssdóttir, landslagsarkitekt FÍLA

Djörf tillaga með sérstæða nálgun á viðfangsefninu. Höfundar vinna með stef sem eiga fyrirmyndir sínar í núverandi húsum. Þó er erfitt er að meta heildaryfirbragð vegna óskýrrar framsetningar á útlitsmyndum. Virðing er borin fyrir þristeini sem látinn er ósnertur en verður fyrir vikið nokkuð afskekktur. Svo virðist sem núverandi stjórnunarálma sé algerlega fjarlægð.

Grunnmyndir eru skýrar, vel lestar og tryggja gott flæði. Staðsetning bókasafns og fjölnotasalar við hlið íþróttasalar gefa fyrirheit um mikinn sveigjanleika í notkun. Efast má um ágæti þess að hafa aðeins einn aðalinnangang sem jafnframt er þjónustuaðkoma. Svipað má segja um staðsetningu eldhúss í miðju húsi. Kennslurými eru almennt vel skipulögð en staðsetning kennslustofa nálægt Skeiðarvogi orkar tvímælis.



Tillagan fer verulega út fyrir byggingarreit, en tilfærslan hefur þó ekki leitt af sér betri græn svæði á lóðinni og heildarflötur bílastæða virkar stærrí en áður.

Framsetning er skýr að undanskildum útlitsmyndum og sniðum.

AÐRAR TILLÖGUR - UMSAGNIR DÓMNEFNDAR

TILLAGA

Númer 01 - auðkenni 54070

**Höfundar:**


Erik Myhrberg, arkitekt SAR/MSA,
Nylín & Myhrberg Arkitekter AB

Heildarlaun tillögunnar, þ.m.t. samspil við núverandi byggingar, er ekki sannfærandi. Hún fer töluvert út fyrir deiliskipulag og er ágeng gagnvart þrústeini, lokar m.a. fyrir glugga þar. Grunnmyndir eru lítt áhugaverðar. Salarhæð 1. hæðar í nýbyggingu er of lítil. Innigarður gefur góð fyrirheit.

Framsetning er nokkuð skýr.

TILLAGA

Númer 02 - auðkenni 00100

**Höfundar:**

BÁLINT MAROSI AND PÉTER HUNDT, ARCHITECTS,

Starfsmenn við fillögugerð arkitekarnir:

Tímea Szatmári, Árpád Böczén

BATTERÍÐ ARKITEKTAR EHF**Starfsmenn við fillögugerð arkitekarnir:**Sigurður Einarsson, Sigurður Harðarson,
Svava Björk Jónsdóttir, Zsolt Takács



Erfitt er að meta heildarlausn þar sem núverandi húsnæði er ekki sýnt, hvorki í grunnmyndum né útliti, og samræmist það ekki samkeppnislýsingu. Af því sem hægt er að meta er samspil nýrrar byggingar við eldri byggingar ósannfærandi. Lagt er til mikið inngrip í hluta núverandi húsnæðis, m.a. er stjórnunarálna algerlega endurnýjuð. Áhugaverð rými eru í viðbyggingu og margt vel leyst í grunnmyndum m.a. tengsl á milli hæða.

Framsetning er óskýr og heildarlausnin ekki mikið unnin.



TILLAGA

Númer 04 - auðkenni 01070



Höfundar:

KURTOGPI

Ásmundur Hrafn Sturluson, arkitekt FAÍ
Steinþór Kári Kárason, arkitekt EPFL-FAÍ


Einföld og hógvær tillaga sem sýnir eldri byggingum tillitssemi. Þau markmið höfunda að virða, vinna með og undirstrika stíleinkenni staðarins, virðast þó ekki hafa tekist. Grunnmyndir eru ágætlega leystar með góðri tengingu við Þrístein. Flæði gegnum miðhluta húss á 1. hæð er ábótavant. Útlit byggingar er ekki sannfærandi, sérstaklega ekki að Gnoðarvogi.

Framsetning er einföld og skýr.



TILLAGA

Númer 05 - auðkenni 12010




Höfundar:
ZERO IMPACT STRATEGIES
 Erik Rönning Andersen, siv.ark MNAL

Heildarlausn tillögunnar er ekki sannfærandi og mikið vantar upp á samspil við eldri byggingar. Innra fyrirkomulagi er verulega óbótavant og útlit framandi. Byggingin fer talsvert út fyrir deiliskipulag. Engin skilgreining er á lóðinni.

Tillagan er lítið unnin og framsetning er óskýr

TILLAGA

Númer 06 - auðkenni 19514



Höfundar:
DEPARTMENT WEST ARKITEKTAR
Norbert Grabensteiner
Ronald Fornecchi

Aðstoð:
Á STOFUNNI ARKITEKTAR
Hilmar Þór Björnsson
Finnur Björgvinsson

Heildarlausn byggir á hugmynd um grænan ás sem ætlað er að tengja saman byggingar. Hún er áhugaverð en virkar ekki sem skyldi. Samspil við eldra hús er ekki sannfærandi hvorki útlit né fyrirkomulag. Fjölnotasal og bókasafni er vel fyrir komið á jarðhæð í kringum innigarð, en flæði um hæðina er ábótavant.

Framsetning er frekar óskýr.



TILLAGA

Tillaga númer 09 - auðkenni 14764



Höfundar:

TARK - TEIKNISTOFAN ARKITEKTAR

Hönnunarráðgjafar:

Anja Schröter

Ásgeir Ásgeirsson

Halldór Eiríksson

Ivon S. Cilia

Kristjana M. Sigurðardóttir

Michael Blikdal Erichsen

Aðstoð: Guðmundur Möller

Vel unnin og áhugaverð tillaga, en útlit viðbyggingar virkar nokkuð yfirþyrmandi og samspil við eldri byggingar ekki sannfærandi. Mjög vel leystar grunnmyndir í nýbyggingu en of lítil tengsl við eldri hluta skólans koma í veg fyrir gott flæði um allt skólahúsnæðið. Spennandi rýmismyndun er í viðbyggingu en salurinn er full opinn og bókasafnið afskekkt.

Framsetning er falleg og skýr.

TILLAGA

Númer 11 - auðkenni 25585

**Höfundar:**

Gísli Sæmundsson, arkitekt FAÍ - ARKTEIKN EHF
Selmar Nielsen, arkitekt af/SNA sp/f

Aðstoð:

Magnus Magnussen, arkitekt AF
Hanus Jacobsen, byggingafræðingur
Kristian Niclasen, byggingafræðingur

Aðlaðandi og látlaus tillaga sem endurspeglar góða hugmynd. Viðbyggingin er stílhrein en erfitt er að meta heildaryfirbragð alls skólans vegna skorts á útlitsmyndum. Styrkur tillögunnar er menntaás/brúarás sem tengir ágætlega saman núverandi húsnæði og viðbyggingu. Miðlægur salur, með vel útfærðum settröppum, myndar áhugavert rými.

Framsetning er falleg.



Ásýnd frá gatnamótum Gnóða- og Skeiðarvogs

TILLAGA

Númer 13 - auðkenni 939933



Höfundar:

ÚTI OG INNI SF & TVÍHORF EFH

Baldur Ó. Svavarsson, arkitekt FAÍ FSSA

Gunnar Sigurðsson, arkitekt FAÍ

Jón Þór Þorvaldsson, arkitekt FAÍ FSSA

Einföld og látlaus tillaga sem fellur ágætlega að núverandi byggingum. Hins vegar virkar ný miðjubygging, sem umlykur núverandi stjórnunarálmu, framandi. Grunnmyndir eru ágætlega leystar með góðri staðsetningu á sal og bókasafni. Þrústeinn er nokkuð afskekktur. Salarhæð í viðbyggingu á jarðhæð er of lítil.

Framsetning er skýr og góð.



TILLAGA

Númer 14 - auðkenni 34251



Höfundar:

Hildur Gunnarsdóttir, arkitekt FAÍ
Dagný Bjarnadóttir, landslagsarkitekt FÍLA

Astoð:

Helga B. Kjerúlf, BA í arkitektúr
Heiðdís Helgadóttir, BA í arkitektúr


Styrkur tillögunnar felst í áhugaverðu útliti með sterkri skírskotun til íbúðarhúsanna við Gnoðarvog. Áhersla er einnig lögð á að betrubæta lóðina, með íbúa hverfisins í huga. Aðkoma að bílakjallara orkar þó tvímælis. Flæði innanhúss er verulega ábótavant og óskýrar tengingar eru milli húsa og hæðarsetning er flókin. Ýmislegt er gott í tillögunni t.d. athyglisvert fyrirkomulag kennslu- og hópinnurýmis.

Tillagan er fremur lítið unnin og framsetning nokkuð óskýr.



TILLAGA

Númer 15 - auðkenni 92227



Höfundar:

Dorte Mandrup-Poulsen, arkitekt MAA

ARKITEKTAR:

Steffan Iwersen, arkitekt MAA FAÍ
Kristoffer Nejsum, arkitekt MAA
Marianne Hansen, arkitekt MAA

STUD.ARCH.:


Anna Riis Rönnow, Terese Jersild Vildtoft
Constance de Zuttere
Malin Rönnerfalk
Nicholas Kampmann Petitmaire
Lina Bareikyte
Clara Sjödin
Junhua Zhou

Höfundar leggja upp með háleit markmið um gegnsæja byggingu með spennandi efnisvali, skjólgóðum og sólríkum garði og aðlögun að umhverfi. Athyglisverð greining er gerð á umhverfisaðstæðum og núverandi byggingum til að ná ofangreindum markmiðum varðandi form hússins. Það virðist leiða til þess að viðbyggingin verður mikið uppbotin og framandi og ekki næst gott heildaryfirbragð. Rýmismyndun innanhúss er þó áhugaverð. Tilskilinn heildarfjöldi kennslustofa virðist ekki vera fyrir hendi.

Tillagan er djörf og vel unnin, en svartur grunnur teikninga gerir hana erfiða aflestrar.

TILLAGA

Númer 17 - auðkenni 00049

**Höfundar:**

ARKÍS ARKITEKTAR EHF

Arnar Þór Jónsson, arkitekt FAÍ
 Björn Guðbrandsson, arkitekt FAÍ
 Aðalsteinn Snorrason, arkitekt FAÍ

Burðarþol: Mannvit**Ráðgjöf:** Sara Axelsdóttir, arkitekt


Hugmynd höfunda um miðpunkt í formi spírals er áhugaverð og virkar ágætlega. Hvítir veggir nýbyggingar kallast á við núverandi byggingar. Að öðru leyti er ekki mikið samspil þar á milli og stórir glerveggir að miðgarði eru ekki sannfærandi. Ýmislegt er vel leyst í grunnmyndum en tengsl milli eldri húsa og viðbyggingar á 2. hæð eru óæskileg. Staðsetning salar er góð svo og tenging við útsvæði. Lögung salar orkar hins vegar tvímaelís og sama á við flæði um hann að Þrísteini.

Framsetning frekar óskýr.



TILLAGA

Númer 18 - auðkenni 33795



Höfundar:

VA ARKITEKTAR

Anna Sigríður Jóhannsdóttir
Guðjón Kjartansson
Heba Hertevig
Indro Indriði Candi
Karl Magnús Karlsson
Sigurður Björgúlfsson
Stefanía Sigfúsdóttir

Tillagan er látlaus og hógvær gagnvart eldri byggingum og þar með verður heildaryfirbragðið rólegt og sannfærandi. Grunnmyndir eru nokkuð vel leystar, sérstaklega á jarðhæð. Markmið höfunda um að greiða flæði innan skólans með því að leggja höfuðáherslu á lóðréttar tengingar samrýmist ekki sjónarmiðum notenda. Miðlægur salur og bókasafn tengja þó vel saman nýju kennsluálmuna og eldra húsnæðið. Gaflar viðbyggingar gefa fyrirheit um áhugavert útlit en aðrar ásýndir eru helst til einsleitar.

Framsetningin er falleg og skýr.

TILLAGA

Númer 19 - auðkenni 75424

**Höfundar:****KRADS + TRÍPÓLÍ**

Kristján Eggertsson, arkitekt FAÍ

Kristján Örn Kjartansson, arkitekt FAÍ

Kristoffer J. Beilman, arkitekt MAA

Mads Bay Möller, arkitekt MAA

Andri Gunnar Lyngberg Andrésson, arkitekt ETHZ FAÍ

Guðni Valberg, arkitekt FAÍ

Jón Davíð Ásgeirsson, arkitekt FAÍ

Ráðgjöf:

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri

Kjartan Rafnsson, byggingatæknifræðingur

Áferðarfalleg og stílhrein tillaga. Styrkur hennar felst í einföldum og öguðum grunnmyndum, Auk þess sýnir tillaga gott flæði innanhúss, mikil sjónræn tengsl, fallegan þakgarði/útikennslustofu og vel útfærðan stiga sem tengir brústein við aðalbyggingu. Frjálsglega er farið með stærðir og salarhæð á jarðhæð er of lítil.

Þakform nýbyggingar skírskotar til V-laga þakforms eldri bygginga. Sú nálgun tekst þó ekki sem skyldi og útlit virkar ósannfærandi.

Framsetning tillögunnar er mjög skýr og falleg.

